



Til formanna stjórnmalaflokka
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2009.

Samtök atvinnulífsins lýsa þungum áhyggjum af stöðu atvinnu- og efnahagsmála nú þegar rúmir 5 mánuðir eru liðnir frá hruni bankanna. Allt of hægt hefur gengið að taka lykilákvæðanir um aðgerðir til endurreisnar atvinnulífsins. Þessi seinangangur er farinn að valda íslenskum fyrirtækjum enn meiri erfiðleikum en fyrirsjáanlegt var. Samtök atvinnulífsins hafa allt frá hruni bankanna unnið náið með fyrirtækjum, aðildarsamtökum, verkalýðshreyfingunni og fleiri aðilum til þess að skilgreina þarfir atvinnulífsins og stjórnvöld hafa fylgst náið með þessari vinnu. Ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu 2. desember síðastliðinn sem um margt byggði á þessari vinnu og í janúar gáfu Samtök atvinnulífsins út sérstaka bók um hagsýna, framsýna og áráðna atvinnustefnu þar sem fjallað er um hagsmunamál atvinnulífsins á þessum örlagaríku tímum.

Brýnustu aðgerðirnar sem Samtök atvinnulífsins hafa lagt áherslu á eru þessar:

- Lækkun vaxta, en háir vextir valda fyrirtækjum sífellt meiri skaða án þess að hafa neina þýðingu fyrir hjöðnun verðbólgu.
- Afnáam gjaldeyrishafta, en þau skapa falskt öryggi, rýra mjög traust á Íslandi og íslensku atvinnulífi og eru alltof víðtæk.
- Endurreisn bankakerfisins með öflugum erlendum og innlendum lánadrottum og fjárfesta sem eigendur, en það er vænlegast til þess að bankarnir hafi getu og metnað til þess að þjóna íslenskum viðskiptavinum og þörfum atvinnulífsins.
- Víðtækar aðgerðir til þess að vinna gegn aukningu atvinnuleysis.

Helst hefur miðað í aðgerðum gegn atvinnuleysi þótt það fari enn vaxandi, en aðrar aðgerðir eru í biðstöðu. Það þarf að bregðast við fjárhagslegri stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs en hann tæmist væntanlega á haustmánuðum. Þessi bið skapar mikla óvissu í atvinnulífinu og þrátt fyrir góðan vilja í bönkunum hafa þeir verið gagnrýndir fyrir að fælast ákvarðanir.

Það kemur sífellt betur í ljós að fyrirhuguð stofnun nýrra ríkisbanka er ekki fær leið og mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar vegna takmarkaðs aðgangs þeirra að erlendu lánsfé á næstu



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

árum og þar með möguleika þeirra til að þjóna atvinnulífinu. Áform ríkisstjórnarinnar um að steypa mörgum af lykilfyrirtækjum landsins inn í eitt eignarhaldsfélag á vegum ríkisins munu ekki stuðla að öflugu efnahagslífi heldur þvert á móti draga úr skilvirkni og samkeppni sem bitna mun alvarlega á frammistöðu þeirra.

Sú óvissa sem er um þróun vaxta og gengis krónunnar skapar óþolandi aðstæður við nauðsynlega fjárhagslega uppstokkun margra fyrirtækja. Þetta bitnar á öllum sem í hlut eiga, fyrirtækjunum sjálfum, starfsfólki þeirra, viðskiptavinum, birgjum og ekki síst á bönkunum. Það skaðar bankana að skuldir hlaðist upp vegna óraunhæfra vaxta sem ljóst er að viðskiptavinirnir geta ekki borið. Því er orðið afar brýnt að meiri víska og trúverðugleiki fáiast um væntanlega þróun vaxta og gengis krónunnar. Það er einnig nauðsynlegt að helstu samtökin á vinnumarkaðnum fái aðkomu að störfum peningastefnunefndar Seðlabankans.

Á meðan þetta óvissuástand ríkir eru mörg fyrirtæki uggandi um að gripið verði til ótímabærra og ómarkvissra aðgerða vegna skuldastöðu og greiðsluerfiðleika þeirra. Miklu máli skiptir að fyrirtæki sem hafa eðlilega framlegð séu ekki stöðvuð og sett í þrot þrátt fyrir tímabundna erfiðleika.

Nauðsynlegt er ríkisstjórnin og allir stjórnmalaflokkar setji fram skýr skilaboð vegna þeirra brýnu aðgerða sem Samtök atvinnulífsins hafa lagt til og samstaða var um sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2. des sl. Liggja þurfa fyrir áformaðar tímasetningar um afnám gjaldeyrishafta og lækkun vaxta þar sem lækkun stýrivaxta í a.m.k. 10% er fyrsta skrefið. Taka verður ákvörðun um að snúa af ríkisbankaleiðinni og vinna með lánadrottnum bankanna að endurreisn þeirra.

Samtök atvinnulífsins óska eftir viðræðum við forystumenn stjórnmalaflokkanna um þá alvarlegu stöðu sem ríkir í atvinnulífinu, og um brýnar aðgerðir, nú þegar kosningar eru framundan og stjórnmálaleg óvissa bætist við aðra erfiðleika sem við er að etja.

Virðingarfyllt.

Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastj.